

Skrifstofa Alþingis,

Austurvelli,

150 Reykjavík


nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 30. mars 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings við smærri innlenda áfengisframleiðendur (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað), 495. mál 151. löggjafarþings.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings við smærri innlenda áfengisframleiðendur (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað), 495. mál 151. löggjafarþings. Frumvarpið er tvíþætt, en annars vegar er lagt til að lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, verði breytt á þann veg að innlendum áfengisframleiðendum sem framleiða innan við 1.000.000 lítra af áfengisvökva á ári verði gefinn kostur á allt að 50% afslætti af áfengisgjaldi, þrepaskiptum eftir magni hreins vínanda miðað við rúmmál. Afslátturinn taki til áfengis sem í er að rúmmáli til og með 50% af hreinum vínanda. Hins vegar er lagt til að gerð verði undanþága frá einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis hér á landi og handhöfum áfengisframleiðsluleyfis sem framleiða innan við 1.000.000 áfengislítra á almanaksári gert kleift að selja í smásölu áfengi sem í er að rúmmáli til og með 50% af hreinum vínanda. Heimildin verði bundin við sölu á framleiðslustað eða í nærliggjandi húsnæði.

ÁTVR tekur ekki efnislega afstöðu til frumvarpsins en telur nauðsynlegt að vekja athygli á því að hæpið er að frumvarpið, eins og það liggur nú fyrir, standist skilyrði Evrópuréttar. Ástæða er til að benda á helstu þætti sem þarfnast að mati ÁTVR nánari skoðunar en það skal undirstrikað að umsögnin er ekki tæmandi. Þannig eru ókönnuð ýmis sjónarmið, t.a.m. á sviði samkeppnisréttar. Þrátt fyrir framansagt skal tekið fram að ÁTVR telur ekki útilokað að hægt væri að forma gott og gilt afsláttarkerfi standi vilji löggjafans til þess að veita minni áfengisframleiðendum afslátt á áfengisgjaldi. Þá er að öllum líkindum unnt að útfæra innan



ramma Evrópulöggjafar þrönga undanþágu frá einkarétti ÁTVR til smásölu áfengis til þess að svara kalli um aukna möguleika minni áfengisframleiðenda, einkum á landsbyggðinni, til þess að selja á framleiðslustað takmarkað magn eigin afurða. Áður þarf að mati ÁTVR að fara fram greinargóð úttekt á helstu þáttum sem máli skipta.

Sérþekking ÁTVR – kröfur Evrópuréttar

Ríkar kröfur eru gerðar til ÁTVR vegna einkaréttar þess á smásölu áfengis. Einkum má hér nefna skyldu stofnunarinnar til þess að gæta fyllsta jafnræðis gagnvart áfengisbirgjum, innlendum sem erlendum, kröfur um vandaða þjónustu og upplýsingagjöf auk samfélagslegrar ábyrgðar. Til þess að ÁTVR geti gegnt hlutverki sínu er nauðsynlegt að þar sé til staðar yfirgripsmikil sérþekking á áfengislöggjöfnni og samspili hennar við strangar kröfur Evrópuréttar, m.a. að því er varðar bann 11. gr. EES-samningsins við magntakmörkunum á innflutningi svo og öllum ráðstöfunum sem hafa samsvarandi áhrif milli samningsaðila. Bent skal á að ákvæðið kemur skv. 13. gr. samningsins ekki í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft að því gefnu að þau réttlætist af almennu siðferði, allsherjarreglu, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna eða dýra eða gróðurvernd, vernd þjóðarverðmæta, er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, eða vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta. Slík bönn eða höft mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsaðila.

Eins þarf að huga að kröfu 1. mgr. 16. gr. EES-samningsins um að samningsaðilar skuli tryggja breytingar á einkasölum í viðskiptum þannig að enginn greinarmunur sé gerður milli ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA-ríkja hvað snertir skilyrði til aðdráttar og markaðssetningar vara.

Þegar mat er lagt á kröfur Evrópuréttarins hefur reynst mikilvægt að horfa til áfengislöggjafar hinna norrænu þjóðanna sem hafa kosið að fela ríkisreknum verslunum einkarétt til smásölu áfengis, þ.e.a.s. Noregs, Svíþjóðar og Finnlands, og draga lærdóm af fræðilegri umræðu og vandaðri greiningarvinnu sem þar hefur farið fram. Við samanburð á rétti þjóðanna er nauðsynlegt að taka tillit til mismunandi markaðsstærða og ólíks umfangs einkaréttar ríkisins til smásölu áfengis í hverju landi fyrir sig.

Á grundvelli þeirrar sérþekkingar sem ÁTVR býr yfir er óhjákvæmilegt að koma á framfæri athugasemdum sem varða efni fyrirbyggjandi frumvarps.



Afsláttur af áfengisgjaldi

Að því er varðar tillögu frumvarpsins um að veita innlendum handhöfum áfengisframleiðsluleyfa sem framleiða á ársgrundvelli minna en 1.000.000 lítra af áfengisvökva afslátt af áfengisgjaldi telur ÁTVR rétt að benda á að samkvæmt tilskipun Evrópuráðsins 92/83/EBE, frá 19. október 1992, um samræmingu á samsetningu vörugjalda á áfengi og áfengum drykkjum, er heimild til þess að veita áfengisframleiðendum undir tilteknum stærðarmörkum afslátt af áfengisgjaldi háð því að sami afsláttur sé veittur af innfluttu áfengi frá öllum aðildarríkjunum. Að því er varðar öl sem framleitt er í brugghúsum af ákveðinni stærð er hér vísað til 3. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar, sem er svohljóðandi: „*Member States shall ensure that any reduced rates they may introduce apply equally to beer delivered into their territory from independent small breweries situated in other Member States. In particular they shall ensure that no individual delivery from another Member States ever bears more duty than its exact national equivalent.*“ Að því er etýlalkóhól sem framleitt er í verksmiðjum af tiltekinni stærð segir í 4. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar: „*Member States shall ensure that any reduced rate they may introduce applies equally to ethyl alcohol delivered into their territory from independent small producers situated in other Member States.*“

Framangreindum reglum er fylgt varðandi þann afslátt af áfengisgjaldi sem veittur er smærri brugghúsum í norskri og finnskri löggjöf, þ.e.a.s. þar er þess gætt að öll brugghús innan EES-svæðisins sitji við sama borð og njóti sama afsláttar.

Finnsku reglurnar eru ítarlega útfærðar í eftirfarandi leiðbeiningum þarlendra skattyfirvalda:

https://www.vero.fi/sv/Detaljerade_skatteanvisningar/anvisningar/48587/neds%C3%A4ttning-f%C3%B6r-sm%C3%A5bryggerier-i-finland2/

Í Noregi eru afsláttarreglurnar nánar skýrðar í eftirfarandi dreifibréfi norskra skattyfirvalda:

<https://www.skatteetaten.no/globalassets/rettskilder/avgiftsrundskriv/alkohol-2021---01.01.2021.pdf>

Smásala áfengis á framleiðslustað

Tillaga frumvarpsins um heimild til þess að veita handhafa áfengisframleiðsluleyfis, sem framleiðir innan við 1.000.000 lítra af áfengi á almanaksári, leyfi til smásölu áfengis allt að



50% að styrkleika á framleiðslustað eða í nærliggjandi húsnæði er af sama meiði og lagafrumvarp dómsmálaráðherra um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað), sem er 504. mál 151. löggjafarþings, á þskj. nr. 850. Frumvarpið er nú til umfjöllunar í allsherjar- og menntamálanefnd, en ÁTVR sendi nefndinni ítarlega umsögn um málið sem finna má á eftirfarandi vefslóð:

<https://www.althingi.is/altext/erindi/151/151-1983.pdf>

Allar þær athugasemdir sem fram koma í framangreindri umsögn eiga við um það frumvarp sem hér er til umfjöllunar, en auk þess er rétt að benda á að nú er lögð til undanþága frá einkarétti ríkisins til smásölu áfengis sem er að meginstefnu enn víðtækari en tillagan sem ÁTVR hefur áður fjallað um. Þannig eru mörk hámarksáfengisframleiðslu dregin við 1.000.000 lítra af áfengisvökva á almanaksári í stað 500.000 lítra. Eins er lagt til að undanþágan taki til áfengis með sem inniheldur til og með 50% af hreinum vínanda miðað við rúmmál í stað þess að hún takmarkist við áfengt öl sem gerjað er úr möltuðu eða ómöltuðu korni sem í er að rúmmáli ekki meira en 12% af hreinum vínanda.

Í greinargerðum frumvarpanna beggja er tilgangurinn sagður að styðja við smærri áfengisframleiðendur, ekki síst á landsbyggðinni. Frumvörpunum sé ekki ætlað að hrófla við hlutverki ÁTVR. Að mati ÁTVR endurspeglast þetta markmið hins vegar ekki í tillögum frumvarpanna. Ef þær eru bornar saman við heimildir til framleiðslusölu sem til staðar eru annars vegar í Noregi og hins vegar í Finnlandi er ljóst að hér er lagt til að gengið verði umtalsvert lengra. Ástæða er til að undirstrika að löggjafar þessara landa töldu að undangenginni ítarlegri greiningu að Evrópuréttur heimilaði varla víðtækari undanþágur frá einkarétti ríkisins til smásölu áfengis án þess að fyrirkomulagi ríkiseinkasölu yrði haggð.

Í Noregi verður leyfi til smásölu áfengis á framleiðslustað aðeins veitt í tveimur tilvikum. Annars vegar til sölu á áfengi sem fellur utan einkaleyfis norska ríkisins, þ.e.a.s. áfengi til og með 4,7% að styrkleika. Hér er því ekki um undanþágu frá einkarétti ríkisins að ræða. Hins vegar tekur heimildin til smásölu tiltekinn drykkja sem falla utan við gildissvið EES-samningsins. Um er að ræða s.s. eplavín, peruvín, mjöð og hrísgrjónavín og ekki má blanda í drykkina sterku áfengi. Hámarkssala hvers framleiðanda á síðarnefndu drykkjunum er 15.000 lítrar á ári.



Í Finnlandi nær heimildin til sölu á framleiðslustað í fyrsta lagi til áfengis að styrkleika til og með 5,5% af hreinum vínanda miðað við rúmmál, sem fellur utan við einkaleyfi finnska ríkisins. Að því er þessa drykki varðar skarast söluheimildin því ekki við einkarétt ríkisins til smásölu áfengis. Í öðru lagi er brugghúsum sem framleiða að hámarki 500.000 áfengislítra á ári heimilt að selja öl sem framleitt er með gerjun úr möltuðu eða ófmöltuðu korni og inniheldur að hámarki 12% af hreinum vínanda miðað við rúmmál. Hér er aðeins um undanþágu frá einkasölu ríkisins að ræða að því er snertir öl sem er að styrkleika frá 5,5% til og með 12%. Í þriðja lagi hafa áfengisframleiðendur í Finnlandi þrönga heimild til smásölu á gerjuðu ávaxta- og berjavíni og finnska drykknum sahti. Vín gerjað úr þrúgum og korni fellur utan þessarar heimildar, sem er háð frekari skilyrðum – þ.á.m. þarf framleiðsla áfengisins að tengjast atvinnuvegum landsbyggðarinnar og hámarkssala á ári takmarkast við 100.000 áfengislítra.

Í Svíþjóð hefur niðurstaða stjórnvalda í tvígang verið sú að ekki væri raunhæft að heimila smásölu áfengis beint frá framleiðendum samhliða rekstri ríkiseinkasölu. Niðurstaðan byggði á ítarlegum úttektum, m.a. á skilyrðum Evrópuréttarins. Framleiðslusala er nú á ný til skoðunar og sænska ríkisstjórnin hefur óskað eftir að framkvæmd verði greining á réttarumhverfinu, efnahagslegum afleiðingum, áhrifum á lýðheilsu o.fl. og tillögur útfærðar á þeim grunni.

Framangreindur samanburður leiðir í ljós að sú undanþága sem fyrirbyggjandi frumvarp gerir ráð fyrir frá heimild íslenska ríkisins til smásölu áfengis er mun umfangsmeiri en hvort tveggja norska og finnska fyrirkomulagið. Það á við jafnvel þótt ekki séu teknar með í reikninginn mismunandi markaðsstærðir og umfang einkasölu í löndunum þremur. Rétt er að undirstrika að einkaréttur ÁTVR til smásölu áfengis nær til alls áfengis, þ.e.a.s. alls neysluhæfs vökva sem í er að rúmmáli meira en 2,25% af hreinum vínanda. Öll áfengissala á framleiðslustað myndi því skarast við einkaleyfi ríkisins. Hvað markaðsstærðir varðar er íslenski markaðurinn aðeins tæplega 7% af stærð norska markaðarins og ríflega 6% af hinum finnska. Hámarkssala hvers framleiðanda í Noregi upp á 15.000 áfengislítra á ári myndi þannig samsvara u.þ.b. 1.050 lítrum hér á landi og hámarksstærðarmörk brugghúsa í Finnlandi upp á 500.000 lítra ársframleiðslu myndu samsvara héraðslandi 30.000 lítra framleiðslu.

Í umræðu um frumvarp dómsmálaráðherra um framleiðslusölu áfengis hafa þær raddir heyrst að undanþága þess frá ríkiseinkasölu komi aðeins örfáum brugghúsum til góða og samanlögð framleiðsla þeirra nemi ekki nema rétt ríflega 2% af heildarsölu ÁTVR á ári. Undanþágan sé þannig minniháttar og myndi ekki hrófla við stöðu ÁTVR. Ef þessi viðmið myndu skila sér í frumvarpstextanum telur ÁTVR ekki loku fyrir það skotið að undanþáguna



mætti útfæra þannig að hún uppfyllti kröfur Evrópuréttarins og samræmdist auk þess öðrum sjónarmiðum sem tillit þyrfti að taka til, s.s. varðandi samkeppni og lýðheilsu. Eins og undanþágan er orðuð í frumvarpstextanum er hún hins vegar margfalt viðtækari, en að mati ÁTVR er það sú hámarksheimild sem þar er mælt fyrir um sem miða verður við þegar umfang undanþágunnar er metið, ekki staða framleiðslu eins og hún kann að vera í dag.

Virðingarfyllst,

Ívar J. Arndal

forstjóri ÁTVR



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. mars 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings við smærri innlenda áfengisframleiðendur og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað (áfengisgjald, sala á framleiðslustað), (Þingskjal 826 — 495. mál, 151. löggjþ.)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri



Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til til breytinga á ýmsum lögum vegna stuðnings við smærri innlenda áfengisframleiðendur (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa haft ofangreint mál til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri við Alþingi:

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, eiga öll börn rétt á bestu mögulegu lífsskilyrðum og rétt á þeirri vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Skulu aðildaríki í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu til að tryggja að svo megi verða. Að mati Barnaheilla stríðir það gegn Barnasáttmálanum og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna að auka frelsi varðandi áfengissölu og auðvelda aðgengi að áfengi og standa því gegn því að frumvarp þetta verði að lögum.

Á Íslandi náðist mikill árangur í forvarnastarfi gegn áfengi og vímuefnum um árabíl og líta margar þjóðir til þess hvaða leiðir voru farnar hér á landi til að stuðla að þeim. Aukið frjálsræði í áfengissölu stofnar þeim árangri í hættu að mati Barnaheilla.

Áfengisneysla er að mati Barnaheilla ekki börnum fyrir bestu og tillögur um að fjölga útsölustöðum áfengis, því andstæðar hagsmunum barna. Barnaheill telja að hagsmunir barna skuli vega þyngra en hagsmunir þeirra sem selja áfengi. Hagsmunir barna felast ekki einvörðungu í því að vera vernduð gegn því að neyta áfengis sjálf, heldur ekki síður og sérstaklega í því að vera vernduð gegn áfengisneyslu foreldra sinna.

Stjórnvöld þurfa við ákvarðanir sem varða börn að hafa það sem barni er fyrir bestu í forgrunni. Barnaheill gera athugasemdir við það að í drögum frumvarpsins er ekki að finna umfjöllun um mat á áhrifum aukins aðgengis að áfengi á börn. Af 3. grein Barnasáttmálans leiðir að slíkt hagsmunamat skuli fara fram við ákvarðanir sem haft geta áhrif á börn.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja sérstaka áherslu á vernd gegn ofbeldi á börnum, bann við mismunun og að allar ákvarðanir sem varða börn séu teknar með það að leiðarljósi hvað þeim er fyrir bestu.

Kópavogur 30. Mars 2021

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings við smærri innlenda áfengisframleiðendur (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað). Lagt fram á 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 826 — 495. mál.^[1]



Bindindissamtökin IOGT á Íslandi eru alfarið á móti þessu frumvarpi þar sem það mun auka neyslu áfengis í samfélaginu. Hér er um að ræða gríðarlegan þrýsting áfengisiðnaðarins að fá aðstoð við að auka neyslu á Íslandi.

Flutningsmenn fjalla hér um málið eins og það sé einhver rómantík við þessa tegund af vímuefnaframleiðslu. Hér fara menn villur vegar. Áfengisgjald (betur nefnt áfengisskaðagjald) er gjald sem fer upp í kostnað vegna neikvæðra afleiðinga áfengisneyslu. Gjaldið er svo langt frá því að duga fyrir þann skaða sem af neyslunni hlýst. Áfengisgjaldið frá ÁTVR árið 2019 var aðeins rúmir 14 milljarðar. Má ætla að að þjóðfélagslegur kostnaður vegna áfengisneyslu sé yfir 130 milljarðar á ári.^[2] Er þá vanreiknaður ýmis samfélagslegur kostnaður og sumt aldrei hægt að reikna til fjár, afleiðingar sem bitna á börnum, fjölskyldum, heimilum, atvinnulífinu, lýðheilsu og samfélaginu í heild.

Af veita afslátt af áfengisskaðagjaldinu er fásinna. Öll áfengisneysla er skaðleg, líka frá „litlum brugghúsum“ á Íslandi. Brugghúsin eru iðnaður sem breytir mat í eitur þau eru lítið tannhjól í spilverki hins alþjóðlega áfengisiðnaðar, þau leggja sinn skerf fram til skaðans sem áfengi veldur bæði hér og á heimsvísu. Og þau búa til fólk með áfengisröskun sem þarf að leggjast inn á Vog. Fólk sem var burðarás í litlu sveitarfélagi en þarf nú aðstoð frá samfélaginu.

„Samkvæmt upplýsingum frá Krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands mun áfengisneysla valda 450 krabbameinstilfellum næstu 30 árin hér á Íslandi, miðað við óbreyttar drykkjuvenjur. Þessi tala hækkar fljótt með aukinni neyslu, ef aðgengi eykst að áfengi án mótvægisáðgerða. Helmingur þessara tilvika er brjóstakrabbamein, þar á eftir kemur krabbamein í munnholi, koki, vélinda og ristli.“

50% allra áfengistengdra krabbameina er hjá fólki sem neytir lítils áfengis. Áfengi drepur 3 milljónir manna hverju ári á heimsvísu. Áfengi er orsakavaldur í yfir meira en 200 sjúkdóma- og slysaflokkum. Heilsufarstjónið er aðeins hluti af því heildartjóni sem áfengi veldur. Áfengisneysla skaðar fjölskyldumeðlimi, vini og vandamenn, vinnufélaga og ókunnugt fólk á götunni. Sveitastjórnir þurfa að reikna með auknum kostnaði vegna aukinnar neyslu vegna þessa frumvarps.

Áfengisiðnaðurinn veldur auknu álagi og kostnaði í heilbrigðiskerfinu, lögreglunni, dómskerfinu, fangelsiskerfinu. Sem eykur álagið á sveitarstjórnir og ríkið. Áfengisneysla minnkar framleiðni og gæði hjá fyrirtækjum, (það er minna framleitt og verri vörur). Sem minnkar skattstofna sveitarfélaga. Áfengisneysla eykur skattbyrði. Minnkum neysluna - þá er hægt að setja meiri pening í nauðsynlegar aðgerðir til bæta hag sveitarfélaga og almennings.

Að veita afslátt af áfengisskaðagjaldinu mismunar framleiðendum rækilega og verður örugglega kært eftir að ÁTVR hefur verið lokað. Hvað ætla þingmenn að gera ef áfengisskaðagjaldstekjur lækka t.d. 6 milljarða? Ef áfengisneysla ykist um 1 alkahóllítra á mann þá mun samfélagslegur kostnaður aukast um 30-40 milljarða. Hvernig ætla þingmenn að bregðast við því?

ÁTVR seldi á síðasta ári (mest öll sala fór í gegnum ÁTVR vegna COVID) rúma 20 milljón lítra af bjór en samkvæmt frumvarpinu má eitt brugghús selja eina milljón lítra af áfengi frá framleiðslustað, þannig að

20 brugghús myndu selja allan bjór sem ÁTVR selur núna. Gríðarleg áhrif og rústun á einkasölu ríkisins og í hendur hagnaðardriffinna söluaðila.

Áfengi er engin venjuleg neysluvara^[3] og er ánægjulegt hve margir ráðamenn átta sig á því. Þess vegna er óskiljanlegt að sumir fari fram eins og áfengi hafi engin áhrif á lýðheilsu og hunsu og ganga gegn tilmælum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

Hagsmuni áfengisíðnaðarins má aldrei taka fram yfir hagsmuni barna, fjölskyldna og samfélagsins með tilliti til lýðheilsu, ofbeldis, löggæslu, menntunar, náttúruverndar, Barnasáttmálans og Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna.

Sumir stjórnámálamenn virðast telja að stuðningur við þetta frumvarp sé vænlegt til árangurs nú á kosningarári, sem er einkennilegt því að um 70 % Íslendinga vilja ekki veikja stöðu áfengisforvarna – vilja hafa ÁTVR áfram. Reyndar er svo að um 30 % fullorðinna neyta ekki áfengis – sem myndi vera stærsti stjórnámálaflokkur á Íslandi. Við bendum stjórnámálönnum að að plægja frekar þennan akur.

IOGT á Íslandi vitnar í þær umsagnir sem hafa verið sendar inn að undanfögnu vegna sífelldra árása á forvarnir á Íslandi.^[4]^[5] Forvarnir á Íslandi hafa verið til fyrirmyndar í áratugi og skapað kynslóðir sem hafna neyslu áfengis og annara vímuefna. Það er ljóst að áfengisíðnaðurinn berst hér á hæl og hnakka til að auka fjölda viðskiptavina sinna í framtíðinni með öllum tiltækum ráðum. Erfitt verður að treysta ráðamönnum sem taka svona upp ítrustu hagsmuni áfengisíðnaðarins og afvegaleiða alla þá vegferð sem við höfum sammælt um að vinna að. Það er ekki eðlilegt að hlaupa á eftir einhverjum ímynduðum tiskustraumum eða aukinni áfengisneyslu sem einna helst tengist meiri hávaða þeirra sem vilja frelsa áfengisíðnaðinn.

IOGT á Íslandi hvetur ráðamenn að skoða miklu betur mál er varða forvarnir gegn áfengi og öðrum vímuefnum. Lýðheilsumat er mælikvarði sem ætti hiklaust að taka upp hið snarasta og leggja á allar stefnubreytingar í vímuefnavarnamálum.

Heildarstefna í forvörnum ætti að taka gildi sem skýr viðmið að draga sem mest úr neyslu áfengis og annara vímuefna. IOGT á Íslandi er hluti af Movendi, stærstu forvarnasamtökum heims og er tilbúið til að leggja lið við vinnu við að undirbúa forvarnastefnu til framtíðar.

Björn Sævar Einarsson
Formaður IOGT á Íslandi

[1] <https://www.althingi.is/altext/151/s/0826.html>

[2] <https://skemman.is/handle/1946/4363>

[3] https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi_engin_venjuleg.pdf

[4] <https://www.althingi.is/altext/erindi/151/151-2329.pdf>

[5] <https://www.althingi.is/altext/erindi/151/151-1978.pdf>

Við hjá Bruggsmiðjunni Kalda ehf á Árskógssandi erum einróma mjög hlynnt þeim breytingum sem frumvarp þetta stendur fyrir, og fögnum við þessu frumvarpi.

Okkar fyrirtæki hefur verið starfrækt frá árinu 2006, þar sem það var fyrsta handverksbrugghúsið sem var stofnað á Íslandi. Við höfum fjölgað störfum hjá okkur síðan þá, úr 3 störfum, í 12 störf í dag, og erum þar af leiðandi stærsti atvinnurekandi í okkar þorpi.

Einnig höfum við tekið á móti gestum í kynningar á brugghúsinu síðastliðin 15 ár. Síðustu 5-7 árin höfum við verið að taka á móti um 10,000 – 13,000 manns á ári. Það hefur reynst vera okkar helsta markaðsetning.

Einnig höfum við alltaf lagt okkur fram við að miðla af okkar reynslu til annarra Íslenskra handverksbrugghúsa.

Árið 2017 stofnuðum við ferðapjónustufyrirtækið Bjórböðin á Árskógssandi, þar höfum við lagt mikið uppúr því að kynna Íslenska bjórmenningu á jákvæðan hátt fyrir bæði Íslenskum og erlendum ferðamönnum. Í bjórböðunum starfa um 12 manns(fyrir Covid).

Þannig hafa Kaldi og Bjórböðin leitt af sér töluvert af afleiddum störfum, t.d. í samstarfi við ferðaskrifstofur, kaupum aðfanga, annarrar þjónustu.

Okkar trú er að þetta frumvarp myndi skipta sköpum fyrir minni framleiðendur á Íslandi.

Það er ekkert launungar mál að það reynist minni framleiðendum á Íslandi gífurlega erfitt, nánast ómögulegt, að keppa við risaframleiðendur, Íslenskum og erlendum, á þessum markaði.

Með Kveðju

Agnes Anna Sigurðardóttir



Allsherjar- og menntamálanefnd
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. apríl 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til stuðnings til smærri innlendra áfengisframleiðenda og heimildir til sölu áfengis á framleiðslustað (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað) – 495.mál.

Embætti landlæknis þakkar frest og veitt tækifæri á að veita umsögn um málið sem snýr annars vegar að því að innlendum áfengisframleiðendum sem framleiða innan við 1.000.000 lítra af áfengisvökva verði gefinn kostur á allt að 50% þrepaskiptum afslætti af áfengisgjaldi og hins vegar er lagt til að handhöfum áfengisframleiðsluleyfis sem framleiða innan við 1.000.000 áfengislítra á ári verði gert kleift að selja í smásölu áfengi sem í er að rúmmáli til og með 50% af hreinum vínanda á framleiðslustað.

Embætti landlæknis undirstrikar og ítrekar enn og aftur fyrri afstöðu um mikilvægi þess að allar breytingar á málaflokknum kalla á heilðræna nálgun og að erfitt geti verið að leggja mat á einstakar aðgerðir án þess að sérstaklega sé fjallað um mat á heildaráhrifum, bæði tilætluðum og óvæntum. Embættið leggst gegn þeim tillögum sem lagðar eru til í frumvarpinu og öðrum sambærilegum tillögum. Verði tillögurnar samþykktar leggur embættið áherslu á að breytingar verði ekki innleiddar nema sem hluti af opinberri stefnu um málaflokkinn, þá annað hvort í uppfærðri *Stefnu í áfengis- og vímuevörnum* (rann út 2020) eða í nýrri stefnu.

Um er að ræða breytt fyrirkomulag um aukið aðgengi að áfengi sem getur leitt til aukinnar áfengisnotkunar og aukinna skaðlegra áhrifa á heilsu.

Embættið hvetur til þess að unnið verði að heilðrænni stefnumótun í málaflokknum og varar við breytingum sem geta leitt til enn frekari tilslökunar án þess að fyrir liggi rammi eða umgjörð sem tekur tillit til forvarna og lýðheilsu almennt. Í því samhengi vill embættið benda á verkefni Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, [SAFER](#), sem ætlað er að draga úr áfengistengdum skaða með ýmsum stjórnvaldsaðgerðum. Meðal aðgerða má nefna takmarkanir á aðgengi að áfengi og bann eða víðtækar takmarkanir á auglýsingum, kostun og markaðssetningu á áfengi. Markmið verkefnisins er að veita aðildarríkjum WHO stuðning við að draga úr skaðlegri notkun áfengis með því að efla áframhaldandi innleiðingu Alþjóðlegrar stefnu til að draga úr skaðlegri notkun áfengis, sem er einmitt þessa dagana til endurskoðunar og á að gilda til 2030, og annarra ráðlegginga og leiða WHO og Sameinuðu þjóðanna – þ.m.t. alþjóðlegri aðgerðaáætlun WHO um forvarnir og eftirlit með ósmittbærum sjúkdómum (NCD) og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (SDG). Má í því samhengi benda á að eitt af hverju tíu dauðsföllum í Evrópu má rekja til áfengis.

Að lokum vill embættið taka fram að sérfræðingar þess eru reiðubúnir til að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um þessi áform eins og kveðið er á um í lögum um landlækni og lýðheilsu.

Virðingarfyllst,

Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis

Rafn M. Jónsson
Sérfræðingur á lýðheilsusviði



Félagsráðgjafafélag Íslands

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefnasvið@althingi.is

Reykjavík, 30. mars 2021.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings við smærri innlenda áfengisframleiðendur (áfengisgjald, sala á framleiðslustað). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 826 - 495. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings við smærri innlenda áfengisframleiðendur (áfengisgjald, sala á framleiðslustað).

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, áfengislögum nr. 75/1998 og lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991. Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram að tilgangur þess sé að auka stuðning við smærri innlenda áfengisframleiðendur og vísað til þess að mikil gróska hafi verið í áfengisframleiðslu hér á landi á síðustu árum. Víkið er að því að margir hafi unnið til alþjóðlegra verðlauna og viðurkenninga og staðið sig með sóma við vörukynningu á erlendum markaði. Því sé um að ræða verðmæta landkynningu. Einnig kemur fram að frumvarpinu sé ætlað að efla nýsköpun í áfengisframleiðslu hér á landi ásamt því að gera smærri innlenda áfengisframleiðendur samkeppnishæfari á markaði. Þá sé frumvarpið lagt fram m.a. með byggðasjónarmið í huga og í þeim tilgangi að stuðla að frekari tækifærum fyrir smærri áfengisframleiðendur til útvíkkunar og þróunar á starfsemi sinni, t.d. í ferðaþjónustu.

Rannsóknir sýna að aukið aðgengi að áfengi leiði til aukinnar neyslu þess og það er þekkt að skaðleg áhrif af neyslu áfengis og annarra vímuefna eru fjölbætt sem birtast meðal annars í sjúkdómum, ótímabærum dauðsföllum og miklum samfélagslegum kostnaði.

Hér á landi hefur ríkt aðhaldssöm stefna í áfengismálum í fjölda ára sem fram kemur í gildandi lögum. Árið 2013 settu stjórnvöld fram stefnu í áfengis- og vímuvörnum til ársins 2020 en tók stefnan til forvarna, meðferðarúrræða, eftirfylgni í kjölfar meðferðar og endurhæfingar auk lagaramma þessara mála og varða starfsemi ríkis og sveitarfélaga, heilsugæslu, félagsþjónustu, menntakerfisins, frjálsra félagasamtaka, löggæslu og tollayfirvalda. Með stefnunni og aðgerðaáætlun sem átti að fylgja voru gefin skýr skilaboð til samfélagsins um hvert eigi að stefna og hvernig unnt sé með markvissum aðgerðum að draga úr andlegum, félagslegum og líkamlegum skaða og kostnaði einstaklinga, fjölskyldna, fyrirtækja og samfélagsins alls vegna neyslu vímuþjafa. Yfirmarkmið stefnunar voru:

- *Að takmarka aðgengi að áfengi og öðrum vímuþjofum.*
- *Að vernda viðkvæma hópa fyrir skaðlegum áhrifum áfengis og annarra vímuþjafa.*
- *Að koma í veg fyrir að ungmenni byrji að nota áfengi eða aðra vímuþjafa.*
- *Að fækka þeim sem þróa með sér skaðlegt neyslumynstur áfengis eða annarra vímuþjafa.*

- *Að tryggja aðgengi fólks, sem á í vanda vegna misnotkunar eða ávæna, að samfelldri og samþættri þjónustu sem byggir á bestu þekkingu og kröfum um gæði.*
- *Að draga úr skaða og fjölda dauðsfalla vegna eigin neyslu eða annarra á áfengi eða öðrum vímuefnum.*

<https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>

Að mati Félagsráðgjafafélags Íslands er fyrirliggjandi frumvarp í mótsögn við ofangreinda stefnu og það er einnig í mótsögn við leiðbeiningar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) sem hefur ítrekað bent á að áhrifaríkustu aðferðirnar til að minnka áfengisneyslu séu í höndum stjórnvalda en margar rannsóknir sýna að álagning skatta, takmörkun fjölda sölustaða og takmarkaður sölutíma virki einna best. Félagið bendir einnig á skýrslu Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar en þar kemur m.a. fram að áfengisneysla sé á meðal þeirra 10 þátta sem hafa mest áhrif á dánartíðni Íslendinga. Þá hefur stofnunin lagt áherslu á mikilvægi þess að draga úr áfengisneyslu til að bæta heilsufar þjóða. Þar sem heildar áfengisneysla þjóðar hefur áhrif á heilbrigði og sjúkdóma hefur aukning eða minnkun áfengisframleiðslu og áfengisneyslu bein áhrif á tíðni ákveðinna sjúkdóma og dauðsfalla. Ákvarðanir stjórnvalda verða að byggja á bestu þekkingu, núverandi fyrirkomulag hefur gefist vel og almenn sátt ríkt um það. Frumvarp sem stuðlar að aukinni framleiðslu og frjálsum verslun með áfengi er í andstöðu við bestu þekkingu og áform um að bæta lýðheilsu þjóðarinnar, þjóðar sem hefur vakið athygli á heimsvísu vegna árangurs í áfengis- og tóbaksvörnum.

Frumvarp það sem nú liggur fyrir hefur neikvæð áhrif á forvarnar- og lýðheilsumál Íslendinga og sendir þau skilaboð að stjórnvöld vilji stuðla að aukinni áfengisneyslu. Þingmönnum og stjórnvöldum ber að hafa hag barna og ungmenna sem og stefnu í áfengis- og vímuefnum að leiðarljósi í allri umræðu og afgreiðslu um frumvarpið. Á undanförunum árum hefur náðst góður árangur í að minnka neyslu unglunga á áfengi og öðrum vímuefnum og stefnir frumvarpið þeim árangri í hættu. Samfélagsleg sjónarmið hljóta að veða þyngra en stuðningur við rekstrarumhverfi áfengisframleiðenda. Verði frumvarpið hins vegar að lögum er brýnt að fjármagni verði veitt til að hrinda í framkvæmd aðgerðum sem styðja við fyrrnefnda stefnu stjórnvalda í áfengis- og vímuefnum til ársins 2020.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður

Alþingi - Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík
Sent á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 30. mars 2021.

Efni: Umsögn um mál nr. 495, frumvarp til laga, breyting á ýmsum lögum vegna stuðnings til smærri innlendra áfengisframleiðenda og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað (áfengisgjald, sala á framleiðslustað).

FRÆ - Fræðsla og forvarnir leggjast gegn samþykkt frumvarpsins.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að einungis sé heimilt að veita einum aðila innan sömu samstæðu afslátt frá áfengisgjaldi. Í greinargerð með frumvarpinu er hins vegar sagt að framleiðendurnir megi ekki vera hluti af samstæðu. Hér er um að ræða mótsögn sem þarf að skýra.

Í 5. gr. frumvarpsins eru viðmið/takmarkanir um magn áfengis/fjölda eintaka sem handhafa leyfis til sölu á framleiðslustað er heimilt að selja hverjum einstaklingi og taldir upp nokkrir flokkar áfengisvökva sem innihalda mismikið magn af hreinum vínanda. Ekki verður ráðið af þessu hvort þessi viðmið beri að skilja svo að hverjum einstaklingi sé einungis heimilt að kaupa leyfilegt hámark í einum styrkleikaflokki hverju sinni eða að hverjum einstaklingi sé heimilt að kaupa áfengi úr öllum hinna tilgreindu styrkleikaflokkum hverju sinni, svo framarlega að ekki sé farið yfir tilgreint hámark fjölda eintaka í hverjum þeirra.

Í greinargerð með frumvarpinu er sagt að þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu ættu að vera til hagsbóta fyrir bæði smærri innlendra áfengisframleiðendur sem og neytendur. Hér má einnig spyrja: Í hverju eru hagsbætur frumvarpsins fyrir lýðheilsu og þar með allan almennung í landinu? Einungis er fullyrt að frumvarpið sé „talið hafa lítil sem engin áhrif á lýðheilsu þótt framleiðslukostnaður sé lækkaður á áfengi og stöðum fjölgað þar sem áfengi er selt einstaklingum.“ Þessi fullyrðing stangast algerlega á við þær forsendur sem meðal annars Alþjóðaheilbrigðismálastofunin (WHO) leggur til grundvallar ráðleggingum sínum til stjórnvalda í áfengismálum að fjölgun staða þar sem áfengi er selt/aukið aðgengi leiði að jafnaði til aukinnar neyslu og þar með aukinna vandamála tengdum áfengi. Þessa fullyrðingu verður því að rökstyðja með vísan í rannsóknir eða önnur gagnreynd gögn.

Að öðru leyti vísast efnislega til umsagna FRÆ um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað), þingskjal 850, mál nr. 504, stjórnarfrumvarp og þingskjal 809, mál nr. 480, frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (heimabruggun). Í hinu síðarnefnda er meðal annars minnt á að hlutverk stjórnvalda er að gæta að áhrifum á heilsu og líðan íbúa í samfélaginu við stefnumótun og stjórnsýsluákvæðanir og byggja þær á trausti þekkingu. Þar bendum við til dæmis á og leggjum til að gerð sé krafa um lýðheilsumat þegar um er að ræða ákvæðanir sem varða sérstaklega heilsu fólks og viðkvæm samfélags- og velferðarmál. Breytingar á einstökum þáttum áfengismála þurfa auk þess að byggjast á heildarsýn og heildarstefnu, en ekki meira eða minna tilviljanakenndum áhlaupum, þannig að hægt sé að meta hvort og með hvaða hætti frumvörp eins og það sem hér er á ferðinni samræmist eða gengur gegn henni og markmiðum hennar.

Virðingarfyllt,



Framkvæmdastjóri FRÆ - Fræðslu og forvarna

Þekking í þágu forvarna

Eftirfarandi er umsögn bæjarráðs Hveragerðisbæjar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings til smærri innlendra áfengisframleiðenda og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað), 495. mál.

Umsögn bæjarráðs er svohljóðandi:

Bæjarráð vísar í fyrri bókanir sínar um málið og hvetur þingmenn til að veita frumvarpi dómsmálaráðherra til stuðnings smærri innlendum áfengisframleiðendum brautargengi.

Til glöggvunar er rétt að það komi fram að áður hefur bæjarráð bókað eftirfarandi:

Bæjaráð tekur undir áskorun Samtaka íslenskra handverksbrugghúsa og skorar á dómsmálaráðherra og alþingismenn að tryggja smáframleiðendum heimild til beinnar sölu frá brugghúsum. Bæjaráð leggur áherslu á að breytingarnar muni ekki leiða til þess að kaupendur undir lögaldri fái aukið aðgengi að áfengi enda yrði það einungis selt á stöðum þar sem sem fólk á löglegum áfengiskaupaaldri má koma saman.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur

Aldís

Aldís Hafsteinsdóttir

Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 30. mars 2021

Efni: Umsögn um mál 495, frumvarp til laga, breyting á ýmsum lögum vegna stuðnings til smærri innlendra áfengisframleiðenda og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað

Umsögn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, hefur unnið að forvarnarmálum í marga áratugi og lætur sig lýðheilsumál skipta miklu máli.



Áfengi er engin venjuleg neysluvara. Áfengi er vara sem veldur margvíslegu tjóni meðal einstaklinga, fjölskyldna og í öllu samfélaginu. Áfengi er stór áhættuþáttur fyrir krabbamein.

Í fjölda rannsókna hefur verið sýnt fram á tengsl milli áfengisneyslu og nokkurra tegunda krabbameina. Því hefur áfengisneysla verið flokkuð sem þekktur krabbameinsvaldur hjá Alþjóðakrabbameinsrannsóknarstofnuninni (IARC).

Áfengisdrykkja getur valdið að minnsta kosti sjö mismunandi krabbameinum: Í munni, vélinda, koki, barka, lifur, ristli, endaþarmi og brjóstum. Vísbendingar eru einnig um að áfengi auki líkur á fleiri tegundum krabbameina.

Þar af leiðandi getur Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins ekki mælt með frumvarpi þessu, frumvarpi sem stuðlar að auknu aðgengi að áfengi. Frumvarpi sem er andstætt lýðheilsusjónarmiðum; frumvarp sem er neyslu- og söluhvetjandi. Frumvarp sem þetta orkar verulega tvímælis þegar talað eru um aukið markaðsfrelsi og tækifæri framleiðenda. Þetta frumvarpi gengur þvert á stefnu t.d. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Stofnunin hefur um áratugaskeið lagt til við aðildarþjóðir sínar að unnið verði markvisst að því að draga úr heildarneyslu áfengis, ekki síst með því að takmarka framboð á áfengi og með skýrum reglum um verðstýringu.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hvetja yfirvöld til að byrja á að móta sem allra fyrst heilstæða áfengisforvarnarstefnu, samhliða aðgerðaráætlun.

Virðingarfyllst,

Árni Einarsson
formaður
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Guðlaug B. Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingishúsið við Austurvöll
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is



Reykjavík 30. mars 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings til smærri innlendra áfengisframleiðenda og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað, mál 495.

Hinn 16. mars 2021 barst Samtökum ferðapjónustunnar – SAF tölvupóstur þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings til smærri innlendra áfengisframleiðenda og heimildir til sölu áfengis á framleiðslustað (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað), mál 495, frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Í frumvarpinu er mælt fyrir um stuðning við smærri innlenda áfengisframleiðendur, þ.e. þeir framleiðendur sem framleiða áfengi í atvinnuskyni til sölu eða vinnslu og framleiða innan við 1.000.000 lítra af áfengisvökva á almanaksári eigi rétt á allt að 50% afslætti af innheimtu áfengisgjalds og þá mælir frumvarpið fyrir um heimild smærri framleiðanda til að selja framleiðslu sína í smásölu á staðnum. Frumvarpið hefur verið yfirfarið á vettvangi SAF og vilja samtökin koma nokkrum athugasemdum á framfæri.

Inngangur

Frumvarp þetta og frumvarp dómsmálaráðherra um breytingu á áfengislögum snýst ekki um áfengisneyslu, aukið aðgengi eða aukin sýnileika á áfengi eða aukna markaðssetningu á áfengi. Frumvarpið sem er til umfjöllunar hér snýst um afslátt af áfengisgjaldi til smærri brugghúsa og að heimila þeim selja vöruna sína í smásölu á framleiðslustað. Þannig er breytingunum ætlað að styðja við atvinnurekstur sem nú þegar er til staðar til að gera þeim auðveldara að stunda sína starfsemi víðsvegar um landið.

Frumvarp dómsmálaráðherra

SAF vilja benda á umsögn sína um mál nr. 504. Mál nr. 504 er frumvarp dómsmálaráðherra um breytingu á lögum um áfengislög þar sem framleiðendum er heimilt að selja á framleiðslustað. Umsögn SAF um það mál hefur dagbókanúmer 1945. Það sem fram kemur um það frumvarp á vel við þetta frumvarp hér.

Ánægjulegt skref

SAF vilja byrja á því að lýsa yfir ánægju sinni með þessi tvö frumvörp, að það eigi að heimila smærri brugghúsum að selja áfengt öl í smásölu beint til viðskiptavina á framleiðslustað. Hins vegar mætti sameina hugmyndir beggja frumvarpa, með þeim hætti að úr þessu frumvarpi yrðu teknar þær hugmyndir að miða við framleiðslu innan við 1.000.000 lítra af áfengi á almanaksári og fella undir það alla framleiðendur af mismunandi vínanda. Hins vegar ætti ekki að vera neinn hámarksfjöld útseldra eininga í samræmi við frumvarp dómsmálaráðherra.

Bæði frumvörpin ganga ekki nógu langt og því skora Samtökin aftur á þingnefndina að taka upp frumvarp dómsmálaráðherra sem kynnt var á samráðsgátt stjórnvalda síðastliðið haust.

Veitingastaðir

Í fyrstu grein frumvarpsins er gert ráð fyrir afslætti til framleiðanda á áfengisgjaldi. Samtökin telja að það sé jákvætt að lækka áfengisgjaldið en það ætti hins vegar að lækka það með almennum hætti enda er áfengisgjaldið mjög hátt. Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar og EES-samningsins leyfir tæplega umræddan afslátt. Því leggja samtökin til að áfengisgjald verði lækkað, þvert á alla.

Ef gefa á einhverjum rekstraraðilum afslátt af áfengisgjaldinu þá ætti að gefa veitingastöðum þann afslátt. Veitingastaðir eru í mikilli samkeppni og framlegð afar takmörkuð. Þannig var meðal- EBITDA 2019 um 7% sem er afar lágt og um 30% veitingastaða voru með neikvætt EBITDA. Áhrif COVID-19 með sóttvarnaaðgerðum stjórnvalda, takmörkun á opnunartíma og fjöldatakmörkunum hafa haft í för með sér að ekki er hægt að bjóða uppá viðeigandi þjónustu á veitingastöðum. Hefur það skapað gríðarlegt óhagræði og rekstrarerfiðleika. SAF skora á stjórnvöld að koma til móts við rekstraraðila veitingastaða með því að veita þeim 50% afslátt af áfengisgjaldinu.


Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðapjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri



Nefndarsvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 30. mars 2021

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings við smærri innlenda áfengisframleiðendur (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað), 495. mál.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI eða samtökin“) fengu frumvarp um stuðning við smærri innlenda áfengisframleiðendur, 495. mál, til umsagnar. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum til stuðnings við smærri, innlenda áfengisframleiðendur sem framleiða innan við milljón lítra af áfengisvökva á almanaksári. Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru heimild til að veita smærri áfengisframleiðendum afslátt af áfengisgjaldi og heimild smærri innlendra áfengisframleiðenda til smásölu áfengis sem framleitt er á framleiðslustað þeirra. Samtökin fagna frumvarpinu en vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Áfengisgjald á Íslandi er það hæsta í Evrópu og hefur gjaldið mikil áhrif á rekstrarumhverfi íslenskra áfengisframleiðenda en gjöldin geta numið allt að 80% af framleiðslukostnaði. Samtökin fagna þeirri fyrirætlun frumvarpsins að styðja við smærri áfengisframleiðendur á sama hátt og gert er í nágrennalöndum Íslands og að jafnræðis sé gætt á grundvelli framleiðsluvara, það er að frumvarpið nái yfir aðrar tegundir áfengis en bjórs.

Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um heimildir til sölu áfengis á framleiðslustað. Þeirri heimild er veitt áfengisframleiðanda sem framleiðir innan við milljón lítra af áfengi á almanaksári. Þar eru einnig settar fram þrepaskiptar takmarkanir á sölu til einstaklinga eftir magni hreins vínanda í hverju sölueintaki fyrir sig. Til að mynda er einungis heimilt að selja sex eintök af allt að 500 ml. áfengisvökva sem í eru að rúmmáli 2,25 – 6% af hreinum vínanda í hverju eintaki. Þrjú eintök þar sem áfengisvökvi er á milli 6-13%. SI veltir þeirri spurningu upp með hvaða hætti framkvæma eigi slíkar þrepaskiptar takmarkanir og með hvaða hætti eftirliti með slíkum takmörkunum verði viðhaft og hvort slíkar þrepatakmarkanir og takmarkanir yfir höfuð séu óþarfar.

Eins og að ofan greinir fagna samtökin frumvarpinu og vísa í umsögn sína um frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 504. mál, sem Alþingi hefur til meðferðar.

Virðingarfyllst,

Gunnar Sigurðarson,
viðskiptastjóri á sviði iðnaðar og hugverka



Alþingi Íslands
Varðar umsögn um
151. löggjafarþing 2020-2021.
Þingskjal 826 — 495. mál.

Við hér á Siglufirði í brugghúsi Seguls 67 styðjum frumvarpið. Það er kominn tími til að bæta stöðu smábrugghúsa. Frumvarpið mun auka innkomu og styrkja reksturinn.

Við tökum á móti stórum sem smáum hópum frá heimsins hornum. Hér kemur fólk sem er að keyra hringveginn og vill taka brugghús kynningu og það vill gjarnan taka með öl til smökkunar síðar. Einnig koma hópar frá ferðaskrifstofum og skemmtiferðaskipum sem allir vilja kaupa til að taka með.

Það gæti verið erfitt að útskýra og framfylgja takmörkunum á eintökum eftir alc. prósentu en kemur í veg fyrir að brugghús opni búðir. Markmiðið hlýtur að vera að leyfa okkur að selja viðskiptavinum smakk til að taka með.

Við styðjum sérstaklega afslátt af áfengisgjaldi til minni framleiðenda og við teljum að það muni auka getu okkar til að ráða fleira starfsfólk til vinnu.

Fyrir hönd Seguls 67 / Sunna ehf.

Marteinn Brynjólfur Haraldsson

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 30.3.2021
Tilvísun: 20210302798

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings við smærri innlenda áfengisframleiðendur (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað) – 495. mál, þskj. 826

Ríkisskattstjóri hefur þann 16. mars 2021 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lögð til sú breyting annars vegar á lögum nr. 96/1995 að veittur verði afsláttur af innheimtu áfengisgjaldi, þegar framleitt er innan við 1.000.000 lítrar af „áfengisvökva“ á almanaksári, og hins vegar að veitt verði undanþága frá einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis til endanlegra neytenda þeim framleiðendum sem framleiða innan við 1.000.000 lítra af „áfengi“ á almanaksári, þ.e. til sölu á framleiðslustað.

Markmið frumvarpsins er að auka stuðning við smærri innlenda framleiðendur, þ.e. þá sem framleiða minna en 1.000.000 lítra af „áfengisvökva“ á almanaksárinu.

Samkvæmt 1. másl. 2. gr. laga nr. 75/1998 „telst áfengi hver sá neysluhæfur vökvi sem í er að rúmmáli meira en 2,25% af hreinum vínanda.“

Ríkisskattstjóri telur tilefni til eftirfarandi athugasemda:

I. Um afslátt af áfengisgjaldi með breytingu á lögum nr. 96/1995

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er lagt til að á eftir 6. gr. laga nr. 96/1995 komi ný grein 6. a, þar sem einstaklingar og lögaðilar sem leyfi hafa til að stunda framleiðslu áfengis í atvinnuskyni til sölu eða vinnslu, og framleiða minna en 1.000.000 lítra af „áfengisvökva“ á almanaksári, skuli eiga rétt á allt að 50% afslætti af innheimtu áfengisgjaldi, allt eftir áfengisinnihaldi pr. rúmmál. Þannig er gert ráð fyrir stighækkandi afslætti allt eftir styrkleika áfengis þ.e. 15%, 25%, 35% og 50% afslætti m.v. 30-50%, 10-30%, 6-10% og 2,25% -6% af hreinum vínanda.

Fram kemur í 1. gr. að einungis er heimilt að veita afslátt einum aðila innan sömu samstæðu. Þá er tekið fram að ef tveir eða fleiri aðilar innan sömu samstæðu sækja um afslátt þá skuli afsláttur, að öðrum skilyrðum uppfylltum, veittur þeim sem framleiðir minnst magn á almanaksárinu.

Ríkisskattstjóri vekur athygli á því ekki fara saman þessi skilyrði skv. 1. gr. frumvarpsins og skilmerkileg ummæli í 1. efnisgrein greinargerðar um hvaða framleiðendur frumvarpinu sé ætlað að styðja. Í greinargerðinni kemur afdráttarlaust fram að: „Framleiðendumir mega ekki vera hluti af samstæðu.“ Þá er fjallað nánar um hvað átt sé við með „samstæðu félaga“. Ríkisskattstjóri telur ástæðu til þess að tekinn verði af allur vafi um þessi efni. Að því gefnu að ákvæðum 1. gr. frumvarpsins hvað þetta varðar sé ætlað að standa, þá má gera ráð fyrir því að ríkisskattstjóra sé ætlað á grundvelli framkvæmdar á þeim lögum sem varða samstæður, að kanna hvernig háttáð er innbyrðis tengslum

einstakra félaga. Í þessu samhengi bendir ríkisskattstjóri á að ákjósanlegt væri að löggjöfin tæki á því við hvaða tímapunkt skuli miðað varðandi mat á tengslum aðila.

Þá bendir ríkisskattstjóri á að ekki er fullt samræmi á milli fyrirkomulags á veitingu afsláttar af innheimtu áfengisgjaldi, sbr. 1. gr. frumvarpsins, og þeirrar gjaldtöku sem mælt er fyrir um í 3. gr. laga um áfengisgjald. Varðandi hið síðarnefnda er þar um að ræða gjald á hvern sentilítra vínanda í hverjum lítra áfengs drykkjar

1. af öli og sem flokkast í vörulið 2203, svo og af vörum sem innihalda blöndu af og óáfengum drykk og flokkast í vörulið 2206 128,80 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25, sentilítra 128,80 kr.
2. af víni sem flokkast undir vöruliði 2204 og 2205, svo af gerjuðum drykkjarvörum í vörulið 2206 sem ekki hafa verið blandaðar annarri gerjaðri drykkjarvöru eða óáfengri drykkjarvöru, enda sé varan að hámarki 15% að styrkleika og innihaldi eingöngu vínanda sem myndast við gerjun, án hvers kyns eimingar 117, kr. á hvern sentilítra umfram 2,25%
3. af öðru áfengi 158,75 kr.

Ríkisskattstjóri telur mikilvægt að sama flokkun á styrkleika áfengis sé lögð til grundvallar gjaldtöku samkvæmt áfengisgjaldsskýrslum og veitingu afsláttar frá innheimtu áfengisgjaldi. Annað gæti torveldað mjög framkvæmd álagningar áfengisgjalds.

Áréttað skal að ekki er unnt að taka afstöðu til þess fyrir en að loknu almanaksári hvort að framleiðslumagn ársins sé innan þeirra marka sem áskilið er, og hvort að sú skipting framleiðslu standist sem gefin hefur verið upp varðandi styrkleika áfengis. Þar sem framleiðslumörk miða við ársgrundvöll er síður ákjósanlegt að afsláttur sé veittur við innheimtu áfengisgjalds við mánaðarleg skil. Slíkt getur leitt til íþyngjandi endurkröfu á hendur framleiðanda. Í þessu samhengi mætti vísa til regluverks um afslátt af áfengisgjaldi í danskri löggjöf þar sem endurgreiðsla fer fram að loknu almanaksári.

Ríkisskattstjóri gerir athugasemdir við að svo virðist sem hvorki hafi farið fram kostnaðargreining, né annað mat á áhrifum fyrirhugaðra breytinga á skattframkvæmd. Framleiðsluskýrslur og áfengisgjaldsskýrslur eru ekki að öllu leyti á rafrænu formi og slík umbreyting á fyrirkomulagi upplýsingagjafar sem þessar breytingum myndu krefjast, yrði bæði tíma- og kostnaðarfrek. Auk þess að rafvæða skýrslugjöfina þyrfti að auka við inntak skýrslanna, en með vísan til framanritaðs er það mat ríkisskattstjóra að forsendur þær sem lagðar eru til grundvallar veitingu afsláttar af innheimtu áfengisgjaldi séu með þeim hætti að framkvæmdin yrði nokkuð umhendis. Flækjustig við umsýslu áfengisgjalds myndi aukast og mannaflapörf sömuleiðis auk þess sem einskiptis kostnaður vegna tæknibreytinga yrði þónokkur.

Með vísan til framangreinds telur ríkisskattstjóri ljóst að fyrirhuguðum breytingum yrði ekki hrundið í framkvæmd fyrir þann tíma sem frumvarpinu er ætlað að taka gildi. Þá þykir ennfremur ljóst að þeir framleiðendur sem undir lögin myndu falla, myndu þarfnast nokkurs undirbúnings við aðlögun að breyttu starfsumhverfi hvað varðar skýrslugjöf o.fl.

II. Um heimild til að selja áfengi í smásölu á framleiðslustað með breytingu á lögum nr. 75/1998, um áfengisgjald.

Sækja skal um heimild til smásölu á framleiðslustað, sbr. 2. og 3. gr. frumvarpsins, til sýslumanns og er mælt fyrir um það í 4. gr. að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð um fyrirkomulag veitingar leyfa.

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri ráð fyrir að ákvæði laga nr. 75/1998, áfengislög og lög nr. 85/1987, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald myndu gilda um þessa framkvæmd.

Ríkisskattstjóri bendir á að framleiðslusöluleyfi hlytu iðulega að verða veitt á á miðju ári og yrði við þær leyfisveitingar annað hvort að byggja á áætluðu framleiðslumagni eða eftir atvikum að hafa hliðsjón af framleiðslu fyrra árs. Mikilvægt sé að löggjöfin taki skýrt á því hver viðbrögð skuli vera ef útaf brygði, þ.e. ef framleiðslumagn færi fram úr mörkum eða við blasi að í það stefni að framleiðslumagn myndi leiða til niðurfellingar framleiðslusöluleyfis.

Ekki verður beinlínis af frumvarpinu ráðið að gert sé ráð fyrir því að sömu eða sambærileg skilyrði fyrir veitingu framleiðslusöluleyfis skuli gilda og um veitingu afsláttar af innheimtu áfengisgjaldi, að því er varðar samstæður. Þau skilyrði er einungis að finna í tillögu að breytingu á lögum nr. 96/1995 og millitilvísun til þeirra laga virðist ekki vera til staðar. Ef niðurstaðan er sú að framleiðslusöluleyfi skuli ekki háð skilyrðum sem snerta samstæður, þá yrði um mögulega skörun að ræða milli þeirra félaga sem kynnu að eiga rétt á afslætti af innheimtu áfengisgjalds og framleiðslusöluleyfshafa. Slík skörun kynni að leiða til flóknari framkvæmdar en ella.


Í 5. gr. frumvarpsins, þ.e. tiltölu að nýrri lagagrein 9. gr. a, kemur fram að gert er ráð fyrir ströngum takmörkum varðandi sölu til hvers einstaklings – væntanlega hverju sinni/við hverja komu – á einstökum einingum eða umbúðum áfengis, allt eftir styrkleika. Þannig er talið upp í fjórum tölulíðum hver megi vera seldur hámarksfjöldi hvernar einingar m.v. við magn og styrkleika. Ekki er sérstaklega tekið fram hvort sala til sama einstaklingsins takmarkist við einstakan tölulíð upptalningar eða hvort heimild til sölu taki samtals til þess magns sem tíundað er í 1. -4. tölul. ákvæðisins. Þá bendir ríkisskattstjóri á að eftirlit með framangreindum magntakmörkunum á sölu kunni að vera torvelt ef ekki óframkvæmanleg. Vandséd er hver gæti haft slíkt eftirlit með höndum og hvernig því gæti verið háttáð.

Að öðru leyti vísast um efni frumvarpsins eftir því sem við á til umsagnar ríkisskattstjóra við 504., þskj. 850 mál, á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson

Reykjavík, 30. mars 2021

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna stuðnings til smærri innlendra áfengisframleiðenda og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað

Hinn 2. febrúar 2021 lögðu þrjú þingmenn framsóknarflokksins fram á Alþingi frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna stuðnings til smærri innlendra áfengisframleiðenda og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað (þskj. 826 í 495. máli). Í frumvarpinu er lagt upp með þær tvær meginbreytingar að innlendum framleiðendum áfengis verði að tilteknum skilyrðum uppfylltum heimilað að selja áfengi í smásölu á framleiðslustað og slíkum framleiðendum verði, einnig að tilteknum skilyrðum uppfylltum, veittur 15–50% afsláttur af áfengisgjöldum.

Lagafrumvarpið hefur verið tekið til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu og þykir ástæða til að koma eftirfarandi á framfæri.

Hvað varðar heimildir framleiðenda til smásölu áfengis hafa SVP áður lýst afstöðu sinni. Sú afstaða kemur fram í [umsögn samtakanna um 504. mál](#), lagafrumvarp dómsmálaráðherra um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað). Vísa SVP að breyttum breytanda til efnis þeirrar umsagnar.

Þegar kemur að afslætti af áfengisgjöldum til innlendra framleiðenda vilja SVP vekja athygli á ákvæðum EES-samningsins, nánar tiltekið 11. gr. sem leggur bann við magntakmörkunum á innflutningi, svo og öllum sambærilegum ráðstöfunum sem hafa samsvarandi áhrif, og 13. gr. Í síðarnefndu greininni er kveðið á um að ákvæði 11. gr. komi ekki í veg fyrir að leggja megi á vöruinnflutning bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðferði, allsherjarreglu, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna o.s.frv. en þá því aðeins að slík bönn eða höft leiði ekki til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsaðila.

Verði að veruleika ákvæði frumvarpsins um afslætti af áfengisgjöldum verður sú staða uppi að innlendir framleiðendur áfengis njóta afsláttar á meðan innflytjendur slíka vara frá EES-svæðinu njóta ekki sambærilegra kjara. Í því felst hið minnsta óbein mismunur innlendra og erlendra framleiðenda enda munu erlendir framleiðendur ekki geta notið afsláttarkjaranna nema þeir staðsetji sig á Íslandi. Má í því samhengi m.a. vísa til dóms EFTA-dómstólsins frá 15. mars 2002 í máli ESA gegn Noregi (E-9/00) þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að fyrirkomulag þar sem fjárhæðir gjalda voru misháar eftir flokkum áfengis hefði farið í bága við ákvæði EES-samningsins, m.a. þar sem hærra gjald var lagt á þann vörflokk sem algengast var að fluttur væri inn frá EES-ríkjunum en þann vörflokk sem mest var um að væri framleiddur innanlands.

Í ljósi framangreinds leggja SVP til tvær breytingar á lagafrumvarpinu:

1. Að innlend netverslun með áfengi verði heimiluð samhliða heimild innlendra framleiðenda til smásölu á framleiðslustað, og
2. að handhafar innflutningsleyfa áfengis verði felldir undir gildissvið 1. gr. frumvarpsins, þ.e. að bæði þeir og innlendir framleiðendur njóti sambærilegra afslátta af áfengisgjaldi.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur

Kópavogur 30. Mars 2021

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings við smærri innlenda áfengisframleiðendur (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað). Lagt fram á 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 826 — 495. mál.^[1]



Æskan er alfarið á móti þessu frumvarpi þar sem það mun auka neyslu áfengis í samfélaginu. Það er svo ótal margt annað hægt að gera til að auka atvinnu úti á landsbyggðinni sem ekki bitnar á börnum, fjölskyldum þeirra og samfélaginu í heild.

Flutningsmenn fjalla hér um málið eins og það sé einhver rómantik við þessa tegund af vímuefnaframleiðslu sem ekki hafi áhrif á lýðheilsu. Hér vaða menn villur vegar sem sannast með fyrri breytingum á áfengislögum.

Áfengi er engin venjuleg neysluvara^[2] og er ánægjulegt hve margir ráðamenn átta sig á því. Þess vegna er óskiljandi að sumir fari fram eins og það skipti engu máli. Hagsmuni áfengisíðnaðarins má aldrei taka fram yfir hagsmuni barna, fjölskyldna og samfélagsins með tilliti til lýðheilsu, ofbeldis, menntunar, náttúruverndar, Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna, löggæslu, Barnasáttmálans.

Æskan vitnar í þær umsagnir sem hafa verið sendar inn að undanfögnu^[3] vegna sífelldra árása á forvarnir á Íslandi. Forvarnir á Íslandi hafa verið til fyrirmyndar í áratugi og skapað kynslóðir sem hafna neyslu áfengis og annara vímuefna. Það er eitur í huga áfengisíðnaðarins að þeir tapi sölu í framtíðinni.

Æskan hvetur ráðamenn að skoða miklu betur mál er varða forvarnir gegn áfengi og öðrum vímuefnum. Lýðheilsumat er mælikvarði sem ætti hiklaust að taka upp hið snarasta.

Heildarstefna í forvörnum ætti að taka gildi sem skýr viðmið að draga sem mest úr neyslu áfengis og annara vímuefna. Æskan lýsir sig fúsa til að leggja lið við vinnu við að undirbúa stefnuna þar sem Æskan er hluti af stærstu forvarnasamtökum heims Movendi.

Aðalsteinn Gunnarsson

Framkvæmdastjóri Æskan barnahreyfing

[1] <https://www.althingi.is/altext/151/s/0826.html>

[2] https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi_engin_venjuleg.pdf

[3] <https://www.althingi.is/altext/erindi/151/151-2284.pdf>

Ölverk brugghús í Hveragerði fagnar því unnið sé að breytingum á áfengislögum Íslands. Þykir okkur það afar ánægjulegt að upplifa það að þessum tiltölulega nýja og blómlega iðnaði sé gefið tækifæri til þess að dafna enn frekar.

Eigendur Ölverk brugghúss styður þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á áfengislögum en með þeim;

- Mun áfengissala á Ísland færast til samræmis við það sem tíðkast í löndum sem Ísland vill bera sig saman við en munu þessar breytingar styðja við litlu brugghúsin í landinu og veitir þeim aukið svigrúm til að vaxa og dafna.

- Þær munu tryggja grundvöll fjölda manns sem hafa beinar eða óbeinar tekjur af handverksbrugghúsum sem eru í dag staðsett allstaðar á landinu og mörg hver á svæðum er teljast til brotthættari byggða þar sem hver starf skiptir sköpum.

- Mun verður fjölbreytni og ferskleika vöru til neytenda tryggð.

- Ísland mun efla sína stöðu sem einn af vinsælustu viðkomustöðum heims en ferðamennska í tengslum við matar,- og drykkjarupplifanir,og þá sérstaklega bjórtengd ferðamennska, hefur sótt verulega í sig veðrið á síðustu árum. Það er hagar Íslands að vera leiðandi á þessu sviði í stað þess að leggja steina og íþyngjandi regluverk á íslensk hugvit og sköpun.

Heimild til þess að selja áfengi í smásölu til neytenda mun ekki þýða aukinn sýnileika á umræddum vörum þar sem salan mun fara fram inn á leyfis,- og eftirlitsskyldum stöðum. Hægt verður að selja umræddar vörur í bestu mögulegu gæðum og verður það að teljast ómetanleg upplifun fyrir áhugasama neytendur, hvaðanæva úr heiminum að eiga kost á því að versla vöru sem er hvergi annars staðar fáanleg, beint af framleiðslustað og taka með heim.

Á framleiðslustað er að finna aðila sem hafa mikla þekkingu á sínum eigin vörum og afar velviljaðir til þess að upplýsa og fræða áhugasama viðskiptavini um eigin vörur og ágæti þeirra svo að hverju sinni verði tryggt að hin fullkoma vara verði keypt. Sannarlega væri svo hægt, í samráði í við leyfisveitendur eins og til dæmis sveitarfélögin sjálf, að setja mörk um það magn sem leyfilegt væri að versla og hver afgreiðslutíminn yrði.

Við hvetjum einnig til þess að horft verði sérstaklega til þess að heimilt verði að afhenda vörurnar í endurnýtanlegum umbúðum eða í svokölluðum “growlers”. Er það í takt við tíðarandann og þá stefnu að í öllum viðskiptum skuli unnið markvisst að því að lágmarka umhverfisáhrif af viðkomandi starfsemmum.

Það í hag alls landsins, og alls heimsins ef út í það er farið, að sníða áfengisframleiðendum þannig stakk að þeim sé gert mögulegt að lágmarka sitt umhverfisþor. Umbúðarlaus viðskipti eru hluti af þeirri framtíðarneysluhegðu sem allir vilja reyna að tileinka sér og bjórframleiðendur, aðrir áfengisframleiðendur og neytendur hérlendis vilja vera þar í fararbroddi og að aðrir þjóðir heimsins muni líti til okkar og þeirra lausna sem við muni innleiða.

Laufey Sif Lárusdóttir (meðstofnandi og framkvæmdarstjóri Ölverk)

Elvar Prastarson (meðstofnandi og bruggmeistari Ölverk)

